

Alþingi
Erindi nr. P 139/918
komudagur 10.12.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. desember 2010

Efni: Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 313. mál

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur sent Samtökum atvinnulífsins ofangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu er að finna tillögur að breytingum á mörgum lögum af margvíslegu tilefni.

Samtök atvinnulífsins gagnrýndu harðlega breytingar á skattkerfinu sem lögfestar voru á árinu 2009 og töldu þær flækja skattkerfið, gera eftirlitið dýrara og ekki skila ríkissjóði ætluðum viðbótartekjum.

Samtök atvinnulífsins í samvinnu við Viðskiptaráð Íslands lögðu fram í september sl. skýrslu um skattkerfi atvinnulífsins þar sem m.a. voru settar fram fjölmargar tillögur um tæknilegar lagfæringar á ýmsum ákvæðum sem standa atvinnulífinu fyrir þrifum og hafa engin eða neikvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Í þessu frumvarpi er tekið undir nokkrar þessara tillagna og er það ánægjulegt. Þannig er í 1. og 18. gr. frumvarpsins horfið frá því að telja áfallinn óinnleystan gengishagnað af innlánsreikningum til tekna og hið sama látið taka til hvers konar krafna í erlendri mynt. Í 8. gr. er gerð leiðrétting í þá veru að einstaklingar sem búsettir eru erlendis geta átt rétt til þess að verða skattlagðir með sama hætti og einstaklingar búsettir hérlandis, stafi meiri hluti tekna þeirra frá Íslandi. Í 13. gr. er bætt við tveimur ákvæðum til bráðabirgða við lög um tekjuskatt og komið mjög til móts við þá sem frestuðu tekjufærslum skv. 60. gr. laganna og við gildandi ákvæði um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda hjá lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri. Það er hinsvegar álit SA að bann við útgreiðslu arðs til 2015 í þeim fyrirtækjum sem fá felldar niður skuldir sé of langt þar sem það geti komið í veg fyrir að nýir aðilar eignist hlut í viðkomandi fyrirtækjum sem styrki eiginfjárstöðu þeirra og auki líkur á áframhaldandi starfsemi.

Einnig er fagnað ákvæði 29. gr. þar sem eindagi til að sækja um frest til greiðsluuppgjörs á vanskilum er framlengdur til 1. júlí 2011. Loks er í VIII. kafla frumvarpsins tekið á ýmsum framkomnum annmörkum á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Samtökin benda hins vegar á nauðsyn þess að ganga lengra að lyfta þökunum varðandi hámark kostnaðar hjá hverju fyrirtæki til að koma til móts við stærstu nýsköpunarfyrirtækin, sbr. 43. gr. frumvarpsins. Skýr skilaboð íslenskra stjórnvalda m.a. í formi skattalegs hvata til þróunarstarfs hér á landi geta vegið þungt til að hvetja stærri íslensk tæknifyrirtæki til framtíðarvaxtar á Íslandi, fyrirtæki sem greiða alla jafnan hærri laun og nýta háskólamenntað fólk í meiri mæli en önnur. Þá er það miður að hlutabréfaafsláttur skuli vera afnuminn og spurning hvort það sé fullreynt að finna útfærslu sem rúmast innan skilgreininga ESA.



Samtök atvinnulífsins leggja ríka áherslu á að enn vantar verulega á að í framangreindu frumvarpi sé að finna fullnægjandi leiðréttingar og lagfæringar. Samtökin vilja því leggja til eftirfarandi viðbótartillögur um breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. Nánari útfærsla á nauðsynlegum lagabreytingum ásamt frekari rökstuðningi er að finna í fyrrnefndri skýrslu SA og VÍ, *Skattkerfi atvinnulífsins, fjárfesting – atvinna – lífskjör*.

1. Skattlagning í fámennum hlutafélögum

Lagt er til að ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003¹ um tekjuskatt falli niður. Umrætt ákvæði er ekki nægilega grundað og veldur fyrirtækjum réttaróvissu. Nær er að miða við reglur um reiknað endurgjald, sem eiga að tryggja að aðilar greiði sér ekki arð fyrir en þeir eru búnir að reikna sér eðlileg laun. Hækka ber viðmiðanir um reiknað endurgjald í samræmi við almenna launaþróun í stað þess að gera þá grundvallarbreytingu á skattlagningu að skattleggja hluta arðgreiðslna sem launatekjur eins og gert var með lögum nr. 128/2009 um tekjuöflun ríkisins, dags. 21.12.2009. Það er mun einfaldara í framkvæmd bæði fyrir skattgreiðendur og skattýfirvöld.

Með lögum nr. 128/2009 ákvað Alþingi að skipta úthlutuðum arði hlutafélaga og einkahlutafélaga upp í launahluta og fjármagnshluta við skattlagningu. Samkvæmt reglunum ber að skattleggja arð allt að 20% af eigin fé sem fjármagnstekjur en helming af arðinum umfram það sem fjármagnstekjur og launatekjur. Með breytingunni er skattlagning þyngd á arðgreiðslur sem einstaklingar fá af hlut sínum í félögum með takmarkaðri ábyrgð eigenda og þeir starfa jafnframt hjá. Gengið er út frá því að hagnaðurinn myndist ætíð af vinnuframlagi eigendanna, þó hann megi rekja til vörusölu, sölu rekstrarfjármuna eða sölu vinnuframlags annarra. Fullvíst má telja að þessi fyrirtæki hætti að úthluta arði eða dragi í það minnsta verulega úr úthlutuninni. Við það verður ríkissjóður fyrir tekjutapi.

2. Breyttar frádráttarreglur vegna arðs og söluhagnaðar

Samtök atvinnulífsins leggja til að skilyrði um að jafna skuli tap til þess að öðlast rétt til frádráttar á móti fengnum arði verði felld niður sem og skilyrði um 10% lágmarkseign hlutafjár. Ákvæði þessi voru lögfest 2009 með 9. tl. og 9. tl.a. í 31. gr. l. nr. 90/2003.

Samkvæmt skilyrðunum þarf að jafna arðgreiðslur eða söluhagnað á móti yfurfæranlegu tapi. Viðkomandi þarf að eiga 10% hlut í félaginu sem greiðir út arðinn eða sem selt var með hagnaði. Arðurinn og hagnaðurinn kann því að verða margskattlagður þar sem fyrirtæki geta ekki nýtt yfurfæranlegt tap á móti öðrum tekjum eða uppfylla ekki skilyrði um 10% eignarhlut. Arði af fjárfestingum verður því haldið utan landsins sem torveldar endurskipulagningu fjölbjóðlegra fyrirtækja sem staðsett eru hérlendis.

¹ „Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs“.



Fyrir liggur að fjöldi fyrirtækja, með yfirfæranlegt skattalegt tap, sjá fram á umtalsverðan skattalegan kostnað við að færa fjármuni frá dótturfélögum til móðurfélags. Þetta veikir samkeppnisstöðu þeirra og gerir þeim erfitt fyrir að halda höfuðstöðvum sínum hérlandis.

Þar til á þessu ári höfðu hlutafélög heimild til að draga móttekinn arð og söluhagnað frá tekjuskattsstofni þannig að félög sem öfluðu sér m.a. tekna með fjárfestingu í öðrum félögum, greiddu ekki tekjuskatt af arði eða söluhagnaði sem myndaðist af þeirri fjárfestingu. Rökin eru þau að félög sem viðkomandi skattaðili fjárfesti í eru tekjuskattskyld. Þau greiða sjálf tekjuskatt af eigin hagnaði. Þegar raunverulegur eigandi teknanna tekur þær úr samstæðunni greiðir viðkomandi fjármagnstekjuskatt. Þannig var endanlegt tekjuskattshlutfall það sama, hvort sem um var að ræða tekjuöflun innan stærri samstæðna, eða tekjuöflun gegnum eitt félag.

3. Vaxtagjöld af skuldum sem færast yfir við samruna félaga

Skattaumgjörð fyrirtækja í flestum ríkjum, hvetur fremur til fjármögnunar með skuldum en hlutafé. Ástæðan er sú að hagnaður er skattlagður en vaxtagjöld frádráttarbær.

Samtök atvinnulífsins leggja því til að vaxtagjöld, gengismunur og verðbætur langtímalána teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar ef eiginfjárhlutfall í byrjun hvers rekstrarárs er 10% eða hærra. Ef eiginfjárhlutfall er lægra en 10% í byrjun rekstrarárs telst sama hlutfall fjármagnskostnaðar ekki til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar og nemur hlutfalli þeirra skulda sem þyrftu að falla niður til að 10% eiginfjárhlutfalli sé náð.

Breytingar á skattalögum í þá veru að vaxtagjöld sem færast yfir við samruna félaga og vaxtagjöld af lánum sem tekin væru vegna arðgreiðslna teljist ekki til rekstrarkostnaðar myndu koma mörgum fyrirtækjum í fjárhagslegri endurskipulagningu afar illa.

Heppilegra er að leiða í lög ákvæði um svokallaða þunna eiginfjármögnun sem taka til fjármagnskostnaðar án tillits til þess hvort lán eru tekin vegna samruna félaga, til greiðslu arðs eða annarra þarfa. Þar er sett hámark á vaxtagreiðslur sem eru frádráttarbærar frá tekjum í skattalegu uppgjöri. Reglurnar, sem hafa verið innleiddar í mörgum ríkjum OECD eru einfaldar í framkvæmd og byggja á skýrum forsendum. Þær þjóna þeim tilgangi að hvetja stjórnendur félaga til að viðhalda hagkvæmri eiginfjárskipan, þ.e. draga úr skuldsetningu. Með fjármagnskostnaði er átt við vexti, verðbætur og gengismun af langtímaskuldum.

4. Afdráttarskattur á vaxtagreiðslur til erlendra aðila

Árið 2009 voru samþykkt lög sem innleiddu nýtt ákvæði þess efnis að erlendir aðilar skyldu sæta sérstakri skattlagningu á vöxtum sem þeir fá greidda frá íslenskum aðilum.

Samtök atvinnulífsins leggja til að skatturinn verði afnuminn en að farið verði að fyrirmynd danskra skattalaga til að taka á skattasniðgöngu. Þannig verði vaxtagreiðslur innlendra aðila til erlendra aðeins skattlagðar að um sé að ræða



greiðslur til tengdra aðila sem eru heimilisfastir á svokölluðum afgangssvæðum. Til þess þyrfti að skilgreina þau svæði líkt og fjármálaráðherra var falið að gera með reglugerð á síðasta ári, en sú reglugerð hefur ekki enn litið dagsins ljós.

Skatturinn er afdráttarskattur í þeim skilningi að þegar hinn íslenski aðili innir af hendi vaxtagreiðslu til viðkomandi lánardrottins ber honum að skila í ríkissjóð 15% af fjárhæðinni í tilviki lögaðila en 18% ef um erlendan einstakling er að ræða. Skattstofninn er heildarvaxtagreiðslan (brúttó) og því ekki tekið tillit til kostnaðar sem hinn erlendi aðili verður fyrir.

Skatturinn hefur ýtt í burtu starfsemi sem miðaði að því að fjármögnun samstæðna færi fram í gegnum Ísland, þ.e. þar sem fjármagns er aflað á erlendum skuldabréfamörkuðum af íslenskum lögaðila og fjármunir svo lánaðir til félaga innan samstæðu víða um heim. Ríkissjóður hafði beinar skatttekjur af slíkri starfsemi en henni hefur nú að mestu verið hætt.

Skatturinn þrengir verulega að lánamöguleikum íslenskra fyrirtækja. Í skilmálum skuldabréfa og lánasamninga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum er oft og tíðum brugðist við afdráttarskatti af vöxtum með svokölluðu „gross-up“ ákvæði. Það felur í sér að ef til afdráttarskatts á vexti komi er vaxtagreiðslan einfaldlega hækkuð þannig að nettó greiðsla til lánveitanda breytist ekki. Hin nýja skattlagning fellur á íslenska lántakann.

Skattur sem þessi heyrir til undantekninga og er ekki innheimtur á Norðurlöndum. Í Evrópusambandinu gildir tilskipun sem hefur það m.a. að markmiði að takmarka afdráttarskatta á vaxtagreiðslur milli ríkja sambandsins. Skattlagningin leiðir einnig til verulegs óhagræðis fyrir erlenda fjárfesta við að kaupa skuldabréf útgefin af íslenskum lögaðilum. Ýmsir erlendir lánveitendur, t.d. lífeyrissjóðir og ýmsir fjárfestingarsjóðir, bera ekki skatt í heimaríki sínu og njóta ekki frádráttarins. Þessir aðilar veigra sér því við að veita lán til fyrirtækja í ríkjum þar sem afdráttarskattar eru lagðir á vaxtagreiðslur.

5. Skattlagning afleiðusamninga

SA leggja til að við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt verði bætt ákvæðum sem skilgreina hagnað eða tap af afleiðusamningum sem hagnað eða tap af sölu eigna.

Árið 2008 var ákveðið að skattaleg meðferð afleiðusamninga, sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf, skyldi vera sú sama og gildir um hlutabréf. Breytingin var gerð að tillögu Kauphallar Íslands, sem var að reyna að koma á fót skipulögðum viðskiptum með þessa tegund afleiðusamninga.

Ári síðar var þetta ákvæði felld niður og nú er hagnaður eða tap af afleiðusamningum skilgreindur sem vaxtatekjur eða vaxtagjöld. Því er skylt að halda eftir skatti af þeim hagnaði í staðgreiðslu.

Lagt er til að fallið verði frá þessari breytingu enda er órökrétt að slíta afleiður úr tengslum við það sem verið er að verja gegn sveiflum, hvort sem þar er um að ræða hrávöru eins og olfu, eða tiltekna mynt svo dæmi sé tekið. Staðgreiðsla af afleiðum án þess að tillit sé tekið til tengdra viðskipta bjagar möguleika fyrirtækja til áhættuvarna.



Afleiður falla illa að staðgreiðslu, enda að jafnaði ólíklegt að hagnaður verði þegar upp er staðið og staðgreiðslan því einungis óþarfa fjárbinding og þar með kostnaður sem lagður er á fyrirtæki.

Miklu skiptir fyrir afleiðuviðskipti með hlutabréf að skattlagning þeirra sé sambærileg og á við um viðskipti með undirliggjandi eignir. Að öðrum kosti getur reynst illmögulegt að koma á skilvirkum markaði með íslenskar hlutabréfaafleiður sem kann að draga úr eðlilegri þátttöku fyrirtækja í atvinnurekstri.

6. Skattaafsláttur vegna tímabundinnar vinnu erlendis


Síðastliðin tvö ár hefur nær algjört hrun orðið í verktakagreininni. Starfsmönnum hefur fækkað um 50% til 60%. Íslenskum fyrirtækjum og starfsmönnum í verktakastarfssemi er því nauðsynlegt að geta fengið verkefni við hæfi erlendis. Þar keppa fyrirtækin við starfsmenn fyrirtækja með heimilisfesti í ríkjum sem flest hver hafa sett lög sem leyfa að innlendir skattur af erlendu tekjunum sé dregin frá heildarskattinum. Með öðrum orðum þá greiðir starfsmaðurinn ekki tekjuskatt í heimalandinu af erlendu tekjunum en á móti eru launin oft lægri erlendis þegar um er að ræða lönd utan Evrópu og N-Ameríku. Fyrir vikið geta fyrirtækin tryggt að starfsmenn fái ekki lægri útborguð laun en áður sem eykur samkeppnishæfni þeirra. Allir hagnast á þessu fyrirkomulagi; starfsmaðurinn eykur tekjur sínar, fyrirtækið verður samkeppnisfært með eigin starfsmenn og ríkið sparar bótagreiðslur.

Hér á landi er slíkur frádráttur ekki leyfður. Þetta veldur fyrirtækjunum erfiðleikum við að bjóða starfsfólki áframhaldandi starf. Til að komast inn í þetta kerfi eru starfsmennirnir því oft nauðbeygðir að bregða búi og flytja erlendis sem oft er ógerlegt þegar um fjölskyldumenn er að ræða.

Því er lagt til í lög um tekjuskatt verði tekin inn sambærileg ákvæði og gilda á Norðurlöndum um skattaívilnun fyrir þá sem starfa að verkefnum erlendis í sex mánuði eða lengur. Ákvæðinu er ætlað að hvetja menn og fyrirtæki til að leita sér verkefna erlendis án þess að eiga tvísköttun á hættu. Þannig eigi maður sem ber skattskyldu hér á landi en aflar tekna erlendis samfelld í sex mánuði eða lengur rétt á því að heildartekjuskattur hans sé lækkaður um þá skattfjárhæð sem reiknast af hinum erlendu tekjum. Dvelji maður erlendis við störf lengur en í tólf mánuði haldi hann rétti sínum til lækkunar á tekjuskatti jafnvel þótt launin sæti ekki skattlagningu í vinnulandinu ef skattundanhágan byggist á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum þar.

Þetta myndi tvímælalaust auðvelda íslenskum fyrirtækjum sem taka að sér framkvæmdir erlendis að hafa með sér starfsfólk að heiman og stuðla að fækkun byggingamanna á atvinnuleysisrá.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins


Halldór Arnason